Nr. 1009 1. nóvember 2007

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 285/2002 um aukefni í matvælum (innleiðing á tilskipun nr. 2006/33/EB).**

1. gr.

Við 1. ml. 6. gr. reglugerðarinnar bætist: „ , sbr. viðauka III“.

2. gr.

Við reglugerðina bætist viðauki, svohljóðandi:

VIÐAUKI III

**Hreinleikaskilyrði fyrir litarefni.**

Tilskipun 1995/45/EB um hreinleikaskilyrði fyrir litarefni var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 26. apríl 1996 birt í EES-viðbæti þann 25. júlí 1996.

Ákvæðum B-hluta viðaukans við tilskipun 1995/45/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað textans um sólsetursgult FCF (E 110) komi eftirfarandi:

**„E 110 SÓLSETURSGULT FCF**

| | |
|---|---|
| **Samheiti** | CI Food Yellow 3, Orange Yellow S |
| **Skilgreining** | Sólsetursgult FCF samanstendur aðallega af dínatríum-2-hýdroxý-1-(4-súlfonatófenýlasó) naftalen-6-súlfonati og öðrum litarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttum. Lýsingin á sólsetursgulu FCF á við um efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsaltið er einnig leyft. |
| Flokkur | Mónóasó |
| Litaskrárnúmer | 15985 |
| EINECS-númer | 220-491-7 |
| Efnaheiti | Dínatríum-2-hýdroxý-1-(4 súlfonatófenýlasó)naftalen-6-súlfonat |
| Efnaformúla | C16H10N2Na2O7S2 |
| Mólmassi | 452,37 |

| | |
|---|---|
| Innihald | Inniheldur minnst 85% af litarefnum alls, reiknað sem natríumsalt<br>$E^{1\%}_{1\,cm}$ 555 við u.þ.b. 485 nm í vatnslausn við pH-gildið 7 |
| **Lýsing** | Appelsínugult til rautt duft eða korn |
| **Sanngreining** | |
| A. Litrófsgreining | Í hámarki í vatni við u.þ.b. 485 nm við pH-gildið 7 |
| B. Appelsínugul lausn í vatni | |
| **Hreinleiki** | |
| Efni, óleysanlegt í vatni | Ekki yfir 0,2% |
| Önnur litunarefni | Ekki yfir 5,0% |
| 1-(fenýlasó)-2-naftalenól (súdan I) | Ekki yfir 0,5 mg/kg |
| Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:<br>4-amínóbensen-1-súlfonsýra<br>3-hýdroxýnaftalen-2,7-dísúlfonsýra<br>6-hýdroxýnaftalen-2-dísúlfonsýra<br>7-hýdroxýnaftalen-1,3-dísúlfonsýra<br>4,4′-díasóamínódí(bensensúlfonsýra)<br>6,6′-oxýdí(naftalen-2-súlfonsýra) | Ekki yfir 0,5% alls |
| Ósúlfuð, ógreind arómatísk amín | Ekki yfir 0,01% (reiknað sem anilín) |
| Efni sem er útdraganlegt í eter | Ekki yfir 0,2% við hlutlaus skilyrði |
| Arsen | Ekki yfir 3 mg/kg |
| Blý | Ekki yfir 2 mg/kg |
| Kvikasilfur | Ekki yfir 1 mg/kg |
| Kadmíum | Ekki yfir 1 mg/kg“ |

2) Í stað textans um títandíoxíð (E 171) komi eftirfarandi:

**„E 171 TÍTANDÍOXÍÐ**

| | |
|---|---|
| **Samheiti** | CI Pigment White 6 |

| | |
|---|---|
| **Skilgreining** | Títandíoxíð samanstendur aðallega af hreinu anatasa- og/eða rútílformi títandíoxíðs sem getur verið hjúpað með litlu magni af áloxíði og/eða kísildíoxíði til að bæta tæknilega eiginleika vörunnar. |
| Flokkur | Ólífræn efni |
| Litaskrárnúmer | 77891 |
| EINECS-númer | 236-675-5 |
| Efnaheiti | Títandíoxíð |
| Efnaformúla | TiO2 |
| Mólmassi | 79,88 |
| Innihald | Minnst 99% títandíoxíð í vöru án áloxíðs og kísildíoxíðs |
| **Lýsing** | Hvítt duft eða duft með örlitlum lit |
| **Sanngreining** | |
| Leysni | Óleysanlegt í vatni og lífrænum leysum. Leysist lítillega í flússýru og í heitri, fullsterkri brennisteinssýru. |
| **Hreinleiki** | |
| Efnistap við þurrkun | Ekki yfir 0,5% (105ºC, 3 klst.) |
| Glæðitap | Ekki yfir 1,0% miðað við efni án rokgjarnra efna (800ºC) |
| Áloxíð og/eða kísildíoxíð | Ekki yfir 2,0% alls |
| Efni sem leysist upp í 0,5 N HCl | Ekki yfir 0,5% miðað við efni án áloxíðs og kísildíoxíðs og ekki yfir 1,5% í vörum, sem innihalda áloxíð og/eða kísildíoxíð, miðað við vöruna eins og hún er seld |
| Vatnsleysanlegt efni | Ekki yfir 0,5% |
| Kadmíum | Ekki yfir 1 mg/kg |

| | |
|---|---|
| Antímon | Ekki yfir 50 mg/kg við algera upplausn |
| Arsen | Ekki yfir 3 mg/kg við algera upplausn |
| Blý | Ekki yfir 10 mg/kg við algera upplausn |
| Kvikasilfur | Ekki yfir 1 mg/kg við algera upplausn |
| Sink | Ekki yfir 50 mg/kg við algera upplausn.“ |

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og til innleiðingar á tilskipun nr. 2006/33/EB frá 20. mars 2006 um breytingu á tilskipun 95/45/EB er varðar sólsetursgult FCF (E110) og títaníum díoxíð (E171) sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2006 frá 23. september 2006.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 1. nóvember 2007.*

F. h. r.
**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Sigrún Ágústsdóttir.*